

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



Dags eftirlits	24.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í vettvangseftirlit vegna lokunar olíubirgðastöðvar Skeljungs, Raufarhöfn. Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2022 og er því fallið úr gildi en engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá árinu 2018.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Áfram verður fylgst með stöðinni þar til niðurbrotsferli er lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Skeljungur hefur rekið olíubirgðastöð við Hafnarbraut á Raufarhöfn frá árinu 2012. Engin olía hefur verið í stöðinni frá því árið 2018 og búið er að rífa stöðina í samræmi við áætlun um meðhöndlun jarðvegs sem send hefur verið til eftirlitsaðila. Starfsleyfið gildi til 31. janúar 2022 og er því fallið úr gildi. Áfram verður fylgst með lóðinni þar til niðurbrotsferli er lokið skv. eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áætlun um frágang v. rekstrarstöðvunar
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Fullnægjandi frágangur v. rekstrarstöðvunar og lokunar

Í olíubirgðastöðinni var heimild fyrir þrem olíugeymum, með heildarrýmd fyrir alls 2.213 m³. Allir geymar hafa verið fjarlægðir ásamt öllum lögnum. Jarðvegur sem var undir geymunum hefur verið settur í hauga og áburði blandað saman við skv. áætlun, til að flýta fyrir niðurbroti olíuefna í jarðveginum.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Hlið stóð læst er að var komið en girðing hefur verið tekin niður að hluta vegna framkvæmdanna og strengdur kaðall fyrir opið. Svæðið var nokkuð snyrtilegt á að líta og ekki gerðar athugasemdir þar um. Huga þarf að því að klára frágang við stöðvarhús en sjá mátti lagnir þar við.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Fulltrúi rekstraraðila var ekki viðstaddur eftirlitið en var eftirlitið framkvæmt með hans vitund.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.06.2023

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir